

Klofningsvegur nr. 590, fyrir Strandir.



Lyngbrekka 1.4. Janúar 2021, Svínaskógur fjær á myndinni tilheyrir rekstrinum. Á myndina vantar Lyngbrekku 2.

Erindi Klofningsvegur nr. 590 01 (Vestfjarðavegur - Hafnará 11,2 km) 02 (Hafnará – Orrahólsvegur 10,55 km) vegur um Hvammssveit, Fellsströnd, Klofning, Skarðsströnd og Saurbæ í daglegu tali kallast að fara fyrir strandir.

Ákall um að vegabætum verði flýtt til að verja mikilvæga atvinnustarfsemi í héraði sem hefur átt undir högg að sækja í byggðapróun.

Í Dalabyggð hefur um langt árabil verið mjög neikvæð byggðapróun. Í því sambandi má nefna að í nýúkominni íbúakönnun hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, en könnunin náði yfir allt landið, kom Dalabyggð einna verst út varðandi viðhöf íbúa er varðar skilyrði til búsetu. Þeir þættir sem komu verst út, af þeim 40 atriðum sem spurt var um, í þessari könnun og mest aðkallandi að ráðast í úrbætur á eru (og í þessari röð): Vegakerfið, vöruúrval, launatekjur heimilanna, úrval atvinnu og framfærsla heimilanna. Þess má geta að í könnun 2016 og 2017 var samskonar könnun gerð en þá meðal 5 landshluta. Dalirnir komu þá líka illa út og þá voru eftirfarandi þættir: Vegakerfi, vöruverð, launatekjur, nettengingar og öryggi í umferðinni. Þessir tveir síðastnefndu höfðu lagast á milli kannanna sá fyrri út af stuðningi verkefnisins Ísland ljóstengt og síðari vegna minni umferðar í kjölfar Covid. Umferðaröryggið mun því fara í sama farið aftur þegar ferðamönnum fjölgar aftur ef ekkert verður unnið með öryggismál í vegakerfinu.

Á Lyngbrekku á Fellsströnd í Dalasýslu er rekið eitt af afurðamestu mjólkurbúum landsins, Lyngbrekka, sem í dag er í þeirri stöðu að ógerlegt er að þróa reksturinn þannig að hann standist kröfur og fylgi eftir þeirri þróun sem er í atvinnugreininni. Ástæður þess eru tvær, annars vegar er ekki þriggja fasa rafmagn þar, en það hillir undir að það komi á næsta ári og ber að fagna því, hins vegar er ástand vega að Lyngbrekku frá Þjóðvegi 60 með þeim hætti að ekki verður lengur við unað. Á leiðinni eru 2 brýr Laxá í Hvammssveit og Hvammsá sem verða að teljast ónýtar, skert burðargeta þeirra er með þeim hætti að ekki er hægt að koma sértækum vinnuvélum og þungaumferð takmörkuð um veginn sem nauðsynleg er, ef halda á áfram þróun atvinnu starfsemi á svæðinu, auk þess sem aðföng og flutningur afurða frá búunum á svæðinu eru takmörkunum háð vegna ástands vegarins. Þessu til viðbótar hefur börnum á svæðinu fjölgað og þar af leiðir að umferð skólaaksturs aukist á síðustu misserum.

„Fyrirtæki“ eins og Lyngbrekka er ein af meginstöðum byggðarlags eins og í Dalasýslu og yrði það öllu samfélaginu gríðarlegt högg ef hætt yrði við uppbyggingu sem þar er fyrirhuguð, sem er að þróa þessa starfsemi í takt við tímann og ítrustu kröfur um tækni, vinnuástöðu og gæði. Á svæðinu eru einnig önnur öflug bú samvinna mikil á milli þeirra og þróun til framtíðar og styrkur því nátengd.

Auk þessa eru aðrir þættir sem kalla á vegabætur á þessu svæði en þar má nefna:

- Mjólkurflutningar 3x í viku.
- Flutningur aðfanga, t.d fóður og áburður
- Daglegur skólaakstur.
- Akstur vegna tómsunda og fl.
- Daglegur akstur vegna atvinnu.
- Aukinn ferðamanna umferð sumarhús / hótélrekstur.
- Rekstur heilsárs Hótelis að Vogji, litlar bifreiðar og hópferða bílar.
- Fyrirhuguð uppbygging í Dagverðarnesi, Arnarbæli, Byggðasafn í athugun á Staðarfelli og fl.

Erindi þessu er beint til allra hluteigandi aðila um að beita sér fyrir því að hafin verði hönnun og framkvæmdir hafnar við endurbætur á Klofningsvegur nr. 590 01 (Vestfjarðavegur - Hafnará 11,2 km) 02 (Hafnará - Orrahólsvegur 10,55 km) í daglegu tali kallast að fara fyrir strandir, strax í sumar.

Vegur fyrir strandir liggur um skilgreint landbúnaðarsvæði sem hefur átt undir högg að sækja og nú nýverið skilgreindur sem partur af hringvegi um Vestfirði þar sem ferðamálasamtök kynna nýja ferða möguleika vegna bættra samgangna á Vestfjörðum með nýjum tengingum svo sem Dýrafjarðargangna og fl.

Samkvæmt upplýsingum okkar liggja fjárveitingar fyrir í fyrsta áfanga til styrkingar og lagningar á bundnu slitlagi árin 2023 – 2025 Vestfjarðarvegur – Hafnará.

Viljum við setja fram ósk um að kannað verði með að flýta hönnun og framkvæmdum á þessum vegi eins og kostur er.

Helstu rök almennt ástand vegarins og skert burðarþol vegarins og brúa (kranar, sértæki og fl.) sem háir eðlilegri uppbyggingu reksturs og fl. á svæðinu.

Um veginn fara í dag:

- Öll aðföng og flutningur afurða vegna uppbyggingar, reksturs landbúnaðar og fl.
- Mjólkurflutningar 3 í viku.
- Daglegur skólaakstur.
- Uppbygging ferðaþjónustu á svæðinu.

Til eiga möguleika á að nútímavæða og þróa búreksturinn eðlilega standa bændur á Lyngbrekku frammi fyrir stórrí ákvörðun, það er bygging á nýju fjósi.

Varðandi þá ákvörðun skiptir meðal annars mjög miklu máli hver verður þróun samgöngumála á allra næstu misserum og árum.

Sigrún Hanna Sigurðardóttir
Lyngbrekku.

Ólafur Sveinsson
Fagstjóri atvinnurágjafar Vesturlands.